



Maí 2017 - Almenn samantekt um VIRK Starfsendurhæfingarsjóð

Árangur og ávinningur VIRK

- 11.600 einstaklingar hafa leitað til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs frá upphafi og nú eru rúmlega 2.100 einstaklingar í starfsendurhæfingarpjónustu á vegum VIRK um allt land.



- Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.
- Meðaltími einstaklinga í þjónustu hjá VIRK er um 13 mánuðir. Almennt séð þá eru einstaklingar ekki á biðlista eftir þjónustu.



- Undanfarin fjögur ár hefur Talnakönnun HF metið ávinninginn af starfsemi VIRK eins og sjá má í töflunni. 13,6 milljarða ávinningur var af starfseminni 2016 og reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling eykst á milli ára, var 12,2 milljónir en 10 milljónir árin 2013-2015.
- Meira en 70% þeirra 6.600 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.

Maí 2017 - Almenn samantekt um VIRK Starfsendurhæfingarsjóð

- Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK - fjárhagslegur og samfélagslegur - er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.
- Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.
- Árangur og uppbygging VIRK hefur vakið athygli erlendis og töluverð eftirspurn er eftir fyrirlesurum frá VIRK á erlendar ráðstefnur og þing.

Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins að VIRK.
- Um VIRK gilda lög 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði. Samkvæmt þeim skal VIRK fjármagnað með hluta af launatengdum gjöldum sem greidd eru vegna launþega. Atvinnurekendur og lífeyrissjóðir greiða hvor um sig 0,1% af heildarlaunagreiðslum á vinnumarkaði til VIRK árin 2016 og 2017.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráðgjöf.
- Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Starfsemi VIRK

- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.
- Á vegum VIRK starfa 50 sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land.
- Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu kostnaðarlaus.
- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu og unnið markvisst að því að byggja upp samstarf við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.
- Fagleg þróun starfsendurhæfingar VIRK hefur miðað að því, auk þess að auka gæði þjónustunnar við einstaklingana, að hún nýtist í þróun á nýju starfsgetumati hér á landi.
- Samstarf og samskipti við erlenda aðila gegna mikilvægu hlutverki í faglegu starfi og uppbyggingu VIRK sem hefur leitað í smiðju fremstu sérfræðinga í heiminum.
- Gæðakerfi VIRK hefur verið formlega vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001 að lokinni úttekt BSI á Íslandi.
- VIRK vinnur að eflingu náms í starfsendurhæfingu í samstarfi við HÍ og HA. Háskólarnir tveir bjóða upp á framhaldsnám í starfsendurhæfingu frá og með haustinu 2016.
- VIRK er í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2016 samkvæmt Creditinfo.